

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Egilsstaða og Fella.

1. gr.

Hitaveita Egilsstaða og Fella selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum sem gerð hafa verið og verða gerð á veitusvæði hitaveitunnar eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. reglugerð um hitaveitu og hitalagnir Hitaveitu Egilsstaða og Fella.

2. gr.

Hitaveita Egilsstaða og Fella lætur hverju húsi sem tengt er veitukerfi hennar í té vatnsmagn til neysluvatnsnota og upphitunar enda séu ofnar hússins nægjanlega stórir að dómi hitaveitunnar.

Einnig selur hitaveitan afnot af heitu vatni til annarra nota en hitunar og neysluvatnsnota eftir því sem vatnsmagn leyfir og hún telur henta.

3. gr.

Hitaveita Egilsstaða og Fella lætur notanda í té vatnsmagn samkvæmt 1. og 2. gr. um rennismæli sem hitaveitan leggur til og annast viðhald á. Mælir þessi skal innsiglaður og er húseiganda/notanda með öllu óheimilt að rjúfa innsigli mælisins.

4. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er sem hér segir:

1. Heitt vatn um rennismæli:		
Fyrir hvern rúmmetra vatns	kr.	74,00
2. Auk þess greiðist mælaleiga fyrir hvern mánuð:		
Fyrir ½ tommu mæli	kr.	385,00
Fyrir ¾ tommu mæli	kr.	775,00
Fyrir 1 tommu mæli og stærri	kr.	1 150,00

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. gr. verða krafín mánaðarlega. Lesið verður af mælum að jafnaði tvisvar á ári en notkun þess á milli áætluð. Heimilt er að fækka eða fjölga álestrum, þó skal alltaf lesið af mælum einu sinni á ári.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur skal hann greiða fyrir það gjald kr. 295,00.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu ber gjaldanda að greiða hann þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðargjöld hitaveitunnar skulu miðast við brúttórúmmál húss skv. byggingarreglugerð og vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Stærð húss	Heimæðargjald
Allt að 400 m ³	kr. 113 100,00
401 – 2 000 m ³	kr. 113 100,00 + 87,70 kr/m ³ umfram 400 m ³
2 001 – 6 000 m ³	kr. 255 500,00 + 85,40 kr/m ³ umfram 2 000 m ³
6 001 – 10 000 m ³	kr. 558 000,00 + 67,70 kr/m ³ umfram 6 000 m ³
Yfir 10 000 m ³	kr. 831 500,00 + 58,45 kr/m ³ umfram 10 000 m ³

Nú eru fleiri en eitt hitakerfi í húsinu með sérstökum mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 11 110,00 í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

Ef um er að ræða atvinnuhúsnæði sem hitað er upp að hluta er heimilt að fella niður heimæðargjald af þeim hluta hússins sem ekki er hitaður. Verði breyting á starfsemi í slíku húsi þannig að farið verði að hita það allt upp þá er allt heimæðargjaldið gjaldfallið skv. gjaldskrá þess tíma sem breytingin á sér stað á.

8. gr.

Þegar tengingu húss er lokið er fyrri helmingur heimæðargjalds gjaldkræfur. Síðari helmingur heimæðargjalds er gjaldkræfur þremur mánuðum síðar. Þó er stjórn heimilt að veita frekari gjaldfrest ef um það er samið skriflega fyrir gjalddaga. Í slíkum samningum skal kveðið á um vexti og verðbætur.

9. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari í samræmi við breytingar á áðurnefndri vísitölu enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka fyrir aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Séu fleiri en einn notandi í húsi með sameiginlega heimaug og hitakerfi skerðir það ekki rétt hitaveitunnar til að loka fyrir aðrennsli heita vatnsins ef einn þessara aðila vanrækir greiðslur þó reikningum sé skipt á notendur.

Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3ja daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilum veldur kr. 1 540,00 í hvert sinn.

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er heimill aðgangur að öllum mælum, hitagjöfum og vatnsæðum sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Egilsstaða og Fella og sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi nú þegar og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 601, 18. desember 1989.

Iðnaðarráðuneytið, 13. september 1991.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarkan.